

# VÍS: Uppgjör 1. ársfjórðungs 2023

Árshlutareikningur félagsins fyrir fyrra ársfjórðung 2023 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 4. maí.

## Helstu niðurstöður 1F 2023

- Hagnaður tímabilsins var 229 milljónir<sup>1</sup>, samanborið við hagnað upp á 73 milljónir á sama tímabili í fyrra
- Afkoma af vátryggingasamningum á tímabilinu var neikvæð um 645 milljónir, samanborið við neikvæða afkomu upp á 269 milljónir á sama tíma í fyrra
- Samsett hlutfall fjórðungsins var 110,4%, en var 104,7% á sama tíma í fyrra
- Tekjur af vátryggingasamningum á tímabilinu voru 6.177 milljónir, í samanburði við 5.779 milljónir í fyrra
- Afkoma fjárfestingar var 1.058 milljónir, samanborið við 205 milljónir á sama tímabili í fyrra

## Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri VÍS:

„Hagnaður fyrra ársfjórðungs nam 229 milljónum þrátt fyrir tjónaþungt tímabil. Fyrsti ársfjórðungur er jafnan tjónaþungur enda endurspeglast tíðarfarið vel í okkar bókum. Ríflega hundrað ára kuldamet fell á tímabilinu en það var viðvarandi kuldatið í sex vikur, eða frá 7. desember til 19. janúar. Þetta var kaldasta sex vikna tímabil í Reykjavík síðan árið 1918 þegar frostaveturinn mikli reið yfir landið. Tvö stórtjón voru hjá okkur á tímabilinu sem telja tæp 4% af tjónahlutfalli; ábyrgðartjón og brunatjón. Við greiddum viðskiptavinum okkar 4,5 milljarða í tjónabætur á fjórðungnum.

## Aukning í sölu í fyrra sinn í sex ár

Við jukum sölu skírteina í fyrra sinn í sex ár í fjórðungnum, enda hefur verið rík áhersla á sókn hjá féluginu. Við höfum umbreytt nálgun okkar í sölu hjá féluginu með með nýju skipulagi og áherslu á landsbyggðina. Þá hafa aukin umsvif í samfélagini einnig leitt til fjölgunar trygginga í ákveðnum atvinnugreinum.

## Óbreyttar horfur

Einskíptiskostnaður á tímabilinu nam um 130 milljónum og má þar helst nefna forstjóraskipti, ráðgjafakostnað vegna viðræðna um kaup á hlutabréfum í Fossum fjárfestingarbanka og húsnæðisbreytingar fyrir SIV eignastýringu. Prátt fyrir verðbólgu og kjarasamningsbundnar launahækkanir, þá erum við að halda í við kostnaðinn – en án einskiptisliða erum við nánast með sömu krónutölu milli ára. Hagræðing í rekstri sýnir að við erum á réttri leið. Samsett hlutfall fjórðungsins er 110,4% (108,3% án einskiptisliða) en var 104,7% á sama tíma í fyrra. Horfur ársins eru óbreyttar – enda er tryggingarekstur sveiflukenndur og horfurnar taka mið af því. Gert er ráð fyrir að samsett hlutfall ársins verði á bilinu 96-98%.

## Góð ávöxtun fjáreigna í fjórðungnum

Fjárfestingartekjur í fjórðungnum námu tæpum 1,2 milljörðum og nafnávöxtun var 2,7%. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri afkomu og var ávöxtun helstu eignaflokka umfram markaðsávöxtun. Önnur skuldabréf hækkuðu mest og skráð hlutabréf þar á eftir. Þess má geta að SIV eignastýring réð til sín tvö starfsmenn í fjórðungnum. Félagið er því vel í stakk búið til að hefja starfsemi um leið og það fær starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða með viðbótarheimild til eignastýringar.

## Nýtt skipurit

Undanfarin misseri hefur rík áhersla verið á sókn félagsins og framúrskarandi þjónustu – og nú viljum styðja enn frekar við þá vegferð. Við höfum breytt skipulagi félagsins og myndað kröftuga framkvæmdastjórn sem ég er fullviss um að eigi eftir að verða öflugir liðsmenn í áframhaldandi sókn félagsins á tryggingamarkaði. Ég hlakka til komandi tíma – og samstarfsins með nýrri framkvæmdastjórn.

<sup>1</sup> Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við IFRS17.



## Tækifæri á markaði

Við sögðum frá því á fjórðungnum að stjórn VIS og hluthafar Fossa fjárfestingarbanka hefðu ákveðið að hefja viðræður um kaup VIS á öllu hlutafé í Fossum. Áreiðanleikakannanir eru yfirstaðnar og nú standa yfir viðræður um kaupin og miðar þeim vel áfram. Vert er að geta þess að kaupin yrðu háð skilyrðum um samþykki eftirlitsstofnana og samþykki hluthafa."

## Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 5. maí, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Guðny Helga Herbertsdóttir, forstjóri, mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt verður að fylgjast með fundinum á [bessari slóð](#) og þar verður einnig hægt að nálgast upptöku af fundinum sem og kynningarefni fundaríns.

## Fjárhagsdagatal

Annar ársfjórðungur 2023 || 17. ágúst 2023

Þriðji ársfjórðungur 2023 || 19. október 2023

Ársuppgjör 2023 || 22. febrúar 2024

Aðalfundur 2024 || 14. mars 2024

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VIS, í síma 660-5260 eða með netfanginu [erlat@vis.is](mailto:erlat@vis.is)



## Rekstrarreikningur

	1F 2023	1F 2022	Br.	Br. %
Tekjur af vátryggingasamningum	6.177	5.779	398	7%
Kostnaður af vátryggingasamningum				
- Tjón tímabilsins	-5.155	-4.482	-673	15%
- Rekrstrarkostnaður vátryggingasamninga	-1.486	-1.420	-66	5%
Hreinn kostnaður af endurtr.samningum	-181	-146	-35	24%
Afkoma af vátryggingasamningum	<b>-645</b>	<b>-269</b>	<b>-376</b>	<b>-140%</b>
Aðrar fjárfestingartekjur	329	52	278	
Gangvirðisbreyting fjárfestingareigna	827	223	604	
Rekrstrarkostnaður fjárfestinga	-98	-70	-29	
<b>Afkoma fjárfestinga</b>	<b>1.058</b>	<b>205</b>	<b>853</b>	
Fjármagnsliðir vátryggingasamninga	-193	95	-288	
<b>Afkoma fjármagnsliða</b>	<b>865</b>	<b>300</b>	<b>565</b>	
Aðrar tekjur og gjöld	-8	11	-19	
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>212</b>	<b>42</b>	<b>170</b>	
Tekjuskattur	17	31	-13	
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>229</b>	<b>73</b>	<b>157</b>	
Tjónahlutfall að teknu tilliti til endurtr.	86,4%	80,1%		
Kostnaðarhlutfall vátryggingasamninga	24,1%	24,6%		
Samsett hlutfall	110,4%	104,7%		
Ávöxtun fjáreigna	2,7%	0,8%		
Arðsemi eigin fjár	1,4%	0,4%		
Hagnaður á hlut	0,13	0,04		



## Efnahagsreikningur

	31.03.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>		
Rekstrarfjármunir	295	346
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.383	1.415
Húsaleigueign	596	616
Skatteign	0	0
Fjárfestingareignir	43.098	41.854
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.141	1.154
Endurtryggingaeignir	1.521	1.138
Aðrar kröfur	1.784	1.250
Handbært fé	1.299	2.381
<b>Eignir samtals</b>	<b>51.116</b>	<b>50.154</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hlutafé	1.696	1.716
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	6.599	6.672
Óráðstafað eigið fé	7.299	8.266
<b>Eigið fé hluthafa móðurfélags</b>	<b>16.219</b>	<b>17.279</b>
Hlutdeild minnihluta	43	46
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>16.262</b>	<b>17.325</b>
<b>Skuldir</b>		
Víkjandi skuldabréf	3.371	3.320
Tekjuskattsskuldbinding	99	116
Húsaleiguskuldbinding	644	664
Skuldbinding vegna greiddra iðgjalda	3.424	2.207
Skuldbinding vegna orðinna tjóna	23.510	22.881
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.141	1.154
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.665	2.487
<b>Skuldir samtals</b>	<b>34.853</b>	<b>32.830</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>51.116</b>	<b>50.154</b>